

Krafa um íbúakosningu

Við undirritaðir íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi, sem höfum lögheimili og kosningarétt í sveitarfélaginu, krefjumst hér með íbúakosningar um fyrirhugaðan samning milli sveitarfélagsins og Miðhrauns ehf. sem undirritaður var hinn 10. september 2013 með fyrirvara af hálfu sveitarfélagsins um samþykki hreppsnefndar.

Heimild til slíkra íbúakosninga er að finna í X. kafla sveitastjórnarlaganna nr.138/2011, nánar tiltekið í 107. og 108. gr. laganna og getur sveitarstjórn ákveðið að ákvörðun slíkra kosninga skuli vera bindandi fyrir sveitarstjórnina. Um framkvæmd íbúakosninga vísast til reglugerðar um undirskrifasafnanir vegna almenntar atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitastjórnarlögum.

Tilfni kröfu um íbúakosningu er að undirrituðum er kunnugt efni framangreinds samnings, sem leggja á fyrir hreppsnefnd til samþykktar í kvöld. Samningurinn hefur verið undirbúinn án nokkurs samráðs við íbúa, hreppsnefndina, Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. og hagsmunaaðila á óformlegum samkomum sem sóttar hafa verið af hluta hreppsnefndar, gagnaðila og Sturlu Böðvarssyni.

Minnt er á að sveitarfélag skal tryggja sér viðeigandi nýtingar – eða afnotarétt af fasteignum og mannvirkjum, sem nauðsynleg eru til að lögboðin verkefni sveitarfélags verði rækt, sbr. meginregluna í 67. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Þá leiðir það af ákvæðum sveitarstjórnarlaganna að sveitarstjórn er óheimilt að ráðstafa eignarréttindum sínum með þeim hætti sem fyrirhugað er, sbr. meginreglur um bann við veðsetningu eigna sveitarfélags í 68. gr. laganna.

Þess er krafist að hreppsnefnd undirbúi nú þegar íbúafundur til að fjalla um samninginn við núverandi eigendur Eiðhúsa og sveitarstjórnarinnar um afsal eignarréttinda sveitarfélagsins. Einnig er þess krafist að staðfestingu hreppsnefndar verði frestað þar til niðurstaða íbúakosningar liggur fyrir.

Ábyrgðaraðili áskorunar þessarar er Sigurður Hreinsson, Miðhrauni.

Eyja- og Miklaholtshreppi í september 2013

Nafn

kennitala

heimili